

Vestmannaeyjar 28. – 29. september

Félagsmiðstöðin Klakinn og Sjálandsskóli stendur fyrir ferð með nemendum í 10. bekk til Vestmannaeyja. Markmið ferðarinnar er að kynnst Eyjum og unglíngunum þar, þjappa hópnum saman og hafa gaman ☺ Farið verður í Eldheima, safn minningana um eldgos í Vestmannaeyjum.

Mæting í skólann, mánudaginn 28.september kl. 08:30, rútan fer stundvíslega kl.09:00. Kl. 12.30 förum við með Herjólfni til Vestmannaeyja frá Landeyjahöfn. Við komuna til Vestmannaeyja göngum við á áfangastað. Á þriðjudeginum tökum við Herjólf kl. 11.30 og er því áætlaður heimkomutími um kl. 14.30.

Við gístum í félagsheimilinu Rauðagerði í Vestmannaeyjum og um kvöldið verður sameiginleg máltíð.

Nemendur þurfa að taka eftirfarandi með:

- 1) dýnu, svefnpoka, kotta og lak
- 2) náttföt
- 3) föt til skiptana
- 4) útiföt/hlý föt
- 5) sundföt/handklæði
- 6) tannbursta og annað snyrtidót
- 7) nesti fyrir mánudaginn (hádegismat og síðdegishressingu) + nesti fyrir þriðjudaginn (morgun- og hádegismat). Þeir sem eru í mataráskrift þessa tvo daga fá samlokur frá skólamat.
- 8) leyfilegt er að hafa með gos/snakk/sælgæti í hóflegu magni. Gos er **EKKI** orkudrykkur.
- 9) leyfilegt er að koma með pening fyrir mat ef kjósið er að versla nesti í Vestmannaeyjum.

Nemendur mega hafa myndavél, farsíma og ípod (félagsmiðstöðin né skólinn tekur ábyrgða á þessum hlutum) en tölvur eru ekki leyfðar.

Vasapeningur leyfður en ætlast er til að nemendur komi að mestu leyti nestaðir að heiman.

Kostnaður ferðarinnar (rúta, Herjólfur, sameiginleg kvöldmáltíð, sund og Eldheimar) er **6000 krónur og á að greiðast á skrifstofu skólans ekki seinna en föstudaginn 25. september.**

Fararstjórar verða: Helga Vala forstöðumaður Klakans s. 7743088/6171542, Atli Dan, starfsmaður Klakans og Emma og Rebekka kennarar 10. bekkjar.

Ég undirritað foreldri/forráðamaður (nafn nemanda) _____

Hef lesið upplýsingablað um ferð 9.-10.bekkar til Vestmannaeyjar og samþykki að hann/hún taki þátt í ferðinni. Ég hef einnig kynnt mér reglur ferða á vegum félagsmiðstöðvarinnar Klakans (sjá fylgiskjal).

(Undirskrift foreldris/forræðismanns og símanúmer)

Reglur

- Gestum félagsmiðstöðvarinnar ber að koma fram af þrúðmennsku og háttvísi. Þeir ásamt starfsfólki skulu koma fram af kurteisni og virðingu hvort við annað.
- Einelti eða annað ofbeldi verður ekki liðið í félagsmiðstöðinni eða ferðum hennar.
- Unglingur skal sýna góða umgengni og forðast óþarfa hávaða. Þeir fari vel með þau tæki og húsgögn sem eru á staðnum og nýti sér ruslafötur sem eru staðsettar víðsvegar um húsnæðið.
- Reykingar og neysla áfengis og vímuefna er með öllu óheimil bæði í félagsmiðstöðinni og við hana. Allar ferðir innan félagsmiðstöðvarinnar skulu vera tóbaks-, áfengis- og vímuefnalausar í alla staði. Hafi starfsmaður grun um að gestir félagsmiðstöðvarinnar hafi neytt áfengis eða annarra vímuefna á opnunartíma skal hringt í foreldra eða forráðamenn og þeir látnir vita um neysluna sem og látnir sækja unglínginn. Í framhaldi eru skólastjórnendur og umsjónarkennari upplýstir um málið.
- Ávallt skal fá samþykki foreldra eða forráðamanna í utanbæjarferðum félagsmiðstöðvarinnar.
- Reglurnar hér að ofan eiga við í félagsmiðstöðinni sjálfri sem og í heimsóknum eða ferðalögum á vegum félagsmiðstöðvarinnar.

Landeyjahöfn-Vestmannaeyjar

| | |
|-------------------------|------------------|
| Brottfarardagur og tími | 28/09/2015 12:30 |
| Komudagur og tími | 28/09/2015 13:05 |

Vestmannaeyjar-Landeyjahöfn

| | |
|-------------------------|------------------|
| Brottfarardagur og tími | 29/09/2015 11:00 |
| Komudagur og tími | 29/09/2015 11:35 |